

Stefnuskrá Kvennaframboðsins er nú tilbúin eftir margra vikna vinnu og yfirlegu margra tuga kvenna. Þetta er fyrsta stefnuskrá pólítískra samtaka sem okkur er kunnugt um, er tekur mið af hagsmunum fjölskyldunnar og daglegu lífi, séðum af sjónarhóli kvenna.

Við gerð þessa plaggs var valin sú leið að móta ákveðna stefnu í þeim málaflokkum sem okkur fannst mestu skipta, þeim málum sem varða hag og kjör kvenna, karla og barna. Við lögðum til grundvallar spurningar eins og þær hvers konar mannlífi við viljum lífa í Reykjavíkurborg, hvar helst er pottur brotinn í stefnu og stjórnun borgarinnar og hvað hægt er að gera til að auka og bæta hlut kvenna, sem svo sannarlega er fyrir borð borinn í íslensku samfélagi. Þótt ýmsir málaflokkar séu ekki tíundaðir þýðir það ekki að þeir skipti ekki máli eða að við höfum engar skoðanir á þeim, heldur leggur stefnuskráin meginlinur, annað mun koma fram eftir því sem þurfa bykir.

Stefnuskráin var samþykkt á fundi 13. mars og náðist þar með stóráfangi í sögu Kvennaframboðsins. Á næstunni er að vænta fleiri sögulegra augnablika, því að í næstu vikur kemur á markað blað Kvennaframboðsins og mun þá forvitnum gefast kostur á að líta kvennaval það sem skipa mun framboðslista Kvennaframboðsins. Þegar þar verður komið sögu má segja að kosningabaráttan verði komin á fulla ferð, enda eru nú rúmar 9 vikur til kosninga.

Á næstunni hleypur af stokkunum listaverkahappdrætti Kvennaframboðsins, sem félagar þess munu sjá um að koma á framfæri. Þá eru væntanleg póstkort með myndum eftir konur, en því er við að bæta að allir vinningarnir í happdrættinu fyrrnefnda eru listaverk eftir konur. Þá hefur Kvennaframboðið valið sér merki í anda íslenskrar kvennabaráttu og verður það til sölu í hótel Vík og hjá kvennaframboðskonum.